



HAFNARFJÖRÐUR

1712122 – Stofnframlag úthlutun

Með vísan til 3. mgr. 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur Matsnefnd um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar til við bæjastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar að **Arnarhrauni 50 íbúðafélagi hses, kt. 410318-1720** verði úthlutað 12% stofnframlagi vegna byggingar á sex íbúða íbúðakjarna fyrir einstaklinga með fötlun sem staðsettur verður við Arnarhraun 50 í Hafnarfirði. Áætlað heildarstofnvirði byggingarinnar samkvæmt umsókn er kr. 167.636.258.

Lagt er til að stofnframlagið verði veitt með lækkun lóðarverðs og gatnagerðargjalda og með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 að stofnframlagið verði veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags skulu fara eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 30. apríl 2018

f.h. Matsnefndar um veitingu stofnframlaga

Sigríður Kristinsdóttir,
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Með vísan til 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur bæjarstjóri til við bæjarráð að bæjarráð staðfesti með vísan til 1. mgr. 2. gr. sömu reglna veitingu stofnframlaga til Arnarhrauns 50 íbúðarfélags hses vegna byggingar á sex íbúða íbúðakjarna fyrir einstaklinga með fötlun, sbr. tillögu Matsnefndar um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Stofnframlagið verði veitt með lækkun lóðarverðs og gatnagerðargjalda. Með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 er stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags fer eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 2. maí 2018

Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri